

1. fundargerð Skólaráðs 2011

1. fundur

Dags: 20. október 2011.

Staðsetning: Í Grunnskólanum á Hólmavík

Fundartími: klukkan 17:00 – 19:00

Mættir eru: Bjarni Ómar Haraldsson, Jóhanna Ása Einarsdóttir, Vala Friðriksdóttir, Sigrún María Kolbeinsdóttir, Jóhanna Kristveig Guðbrandsdóttir, Sverrir Guðmundsson, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Stella Guðrún Jóhannsdóttir og Margrét Vera Mánadóttir.

Hildur Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri ritar fundargerð.

Bjarni Ómar býður fólk velkomið og kynnir nýtt skólaráðsfólk. Jóhanna Ása kemur inn sem fulltrúi kennara og Margrét Vera Mánadóttir tekur við af Arnóri Jónssyni sem fulltrúi nemenda. Bjarni Ómar bendir á að ef að skólaráðsfólk, fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags, óska eftir breytingum varðandi setu í ráðinu er aðalfundur foreldrafélagsins kjörinn vettvangur til þess en hann fer fram þann 26. október n.k.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Funda- og starfsáætlun skólaráðs 2011 – 2012 rædd og samþykkt/breytingartillögur.

- Skólaráð samþykkir funda- og starfsáætlun fyrir skólaárið 2011-2012.
- Bjarni Ómar bendir á að allir ráðsmenn hafa heimild til þess að bæta erindum/liðum inn í áætlunina/fundardagskrá hverju sinni og geta þeir rætt það við hann fyrir fund.

2. Skjatti/áform/heimanám.

- Ný skólanámskrá Grunnskólans kynnt. Skjalinu er í raun ætlað að upplýsa alla um allt sem gerist í skólanum. Bjarni Ómar útskýrir að nú sé skólanámskráin eitt rit; handbók kennara og nemenda með vísun í bekkjarnámskrár. Skólaráði ber að samþykkja þetta og koma með athugasemdir og því var skólanámskrá send til skólaráðsmanna og við nú að fara yfir hana hér í dag.

- Farið yfir liðinn *Áform – námsmarkmið og heimanám* í skólanámskrá. Tenging við hugsun um einstaklingsmiðað nám sem við ræddum vel í fyrra. Skjattinn (skipulagsbók nemenda) er nú nýtt til þess að nemendur og kennarar setja niður áform fyrir hvern og einn nemanda.

- Heimanám og prófatímabil: rætt um ákveðnar samræmdar reglur sem gilda um heimanám í skólanum.

- Rætt var um hvort að það sé heimanám við skólann eða ekki og ef það er ekki – af hverju eru þá heimanámstímar á stundatöflu nemenda? Ættu þessir tímar kannski frekar að heita bara *almenn nám, skólanám* eða *áform*? Við erum að vinna okkur í átt að engu heimanámi og erum í raun í millibilsástandi í vetur og orðið heimanám mun að öllum líkindum detta út.

- Rætt um að lestur, sem slíkur, hraðlestur, upplestur, yndislestur, sögugerð og t.d. ritgerðarvinna kemur kannski alltaf til með að fara fram heima.

- Markmiðið er að ná fram virkni og bættum vinnubrögðum og það að nemendur ná að nýta kennslustundina vel til þess að ná markmiðum sínum.
- Fulltrúar nemenda vilja meina að þetta sé að reynast vel og að þær haldi að flestum finnist þetta mjög fínt.
- Foreldrar tala um góða reynslu af Skjatta og áformunum. Tók smá tíma að venjast þessu en það er allt að koma.
- Kennarari á elsta stigi segir Skjatta henta mjög vel í kennslunni. Kennari á yngsta stigi talar um að þetta sé svolítið flókið fyrir litlu krílin en hefur ekki heyrt mikið um það frá nemendum.
- Mikilvægt að foreldrar fái að vita af stærri verkefnum t.d. í gegnum tölvupóst.
- Bjarni Ómar bendir að foreldrum er velkomið að óska eftir að fá betri og meiri upplýsingar um sitt barn.
- Foreldri bendir á að það er mjög mikilvægt að bækurnar komi heim a.m.k. einu sinni í viku.
- Bjarni Ómar bendir á hvað skráningin og skipulagið er mikilvægt fyrir nemendur.

3. Breytingar og samræming á námsmati skólaárið 2011 - 2012.

- Í fyrra var farið í mikla vinnu við að skoða námsmat í skólanum. Nú hafa kennarar skólans tekið ákvörðun um samræmingu á námsmati við skólann. Kaflann um það má sjá frá bls. 46 í skólanámskrá.
- Það var ákveðið að verkefni anna verða metin til jafns við próf, þ.e. símatið gildir 50% á móti prófum anna. Í símatinu felst: virkni, samvinna, ástundun og samskipti. Hver kennari finnur sína leið til þess að meta þessa þætti eftir greinum og áherslum.
- Með þessu reynum við að koma til móts við einstaklingsmiðað námsmat.
- Umræða um hvernig nemendur eru metnir í framhaldsskólum. Mælt er með því að nemendur kynni sér vel áherslur í hverjum framhaldsskóla fyrir sig og velji sér skóla sem hentar þeim sem best.
- Athugið að kannanir falla undir liðinn próf.
- Mikilvægt að það sé eingöngu prófað úr þeim þáttum sem teknir hafa verið fyrir í námi og kennslu.
- Skólaeinkunn í 10. bekk, gefin að vori, er byggð upp á lokaprófseinkunn sem gildir 70% og símati sem gildir 30%. Allir nemendur í 10. bekk taka sama lokaprófið í hverri grein.
- Framhaldsskólarnir skoða skólaeinkunn nemenda en ekki einkunn úr samræmdu könnunarprófi – eins og var.

- Prófatímabil og matskerfi verður nú prófað í fyrsta sinn og er fyrsta prófatímabilið í byrjun nóvember. Gaman væri að meta það hvernig þetta gekk á næsta fundi.

4. Endurskoðuð skólanámskrá lögð fram til samþykktar/umræður.

- Skoða skilgreiningu um mat og viðmið í lestri og setja sérstakan kafla um það inn í skólanámskránni.
- Uppflettirit.
- Á að vera tæmandi.
- Endurtekningar.
- Gott fyrir nýja nemendur og foreldra.
- Á að vera gagnlegt rit.
- Mikilvægt að uppfæra skjalið jafnóðum. Nýta sér ábendingar úr öllum áttum og breyta eins og við á.
- Rætt um liðinn annað val skólans í varðandi kennslustundir nemenda hvort að það þurfi ekki að skilgreina það nánar.
- Rætt um að nú fer skólanámskráin fyrir fræðslunefnd í næstu viku. Skólanámskráin er þó enn í vinnslu t.d. kaflinn ferðalög nemendahópa sem verður unninn í vetur og fleira merkt með rauðu.

3. Önnur mál.

Fundargerð verður send til ráðsmanna til samþykktar og svo er hún sett inn á vef skólans www.strandabyggd.is/grunnskolinna undir liðnum skólaráð.

Fundi slitið kl. 19:00.

Næsti fundur er á dagskrá **24. nóvember klukkan 17:00 – 19:00** í Grunnskólanum á Hólmanvík.